

143. fundargerð

skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

1. nóvember 2011

143. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 1. nóvember 2011 kl. 17 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Jósep Ó. Blöndal og Unnur Sigmarsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Skýrsla skólastjóra

Jóhanna fór yfir kennsluna það sem af er hausti. Sótt var um fyrir 8 framhaldsnemendur og einn söngnemandu á miðstigi til jöfnunarsjóðs. Kennarar fóru í náms- og kynnisferð á Akureyri, Hafralæk og Húsavík dagana 28. – 30. september í vetrarfríinu. Vel heppnuð ferð! Jóhanna sótti skólastjóraþingið í kjölfarið sem haldið var á Akureyri. Tónfundum haustannar er u.þ.b. að ljúka. Jóhanna fór yfir það helsta sem verður á döfinni fram að jólum í tónlistarskólanum. Rætt var um að nú styttist í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012. Í næstu fjárhagsáætlun þarf sérstaklega að huga að endurnýjun hljóðfæra, sérstaklega tréblásturshljóðfærum, og einnig að tími er kominn á lagfæringar og viðhald húsnæðis. Jóhanna fór yfir tillögur um breytingar á skólanámskrá fyrir tónlistarskóla Stykkishólms sem kennarafundur hefur einnig fjallað um, sem skólanefnd mun afgreiða á næsta fundi.

2. Önnur mál
Engin.

Fundi slitið kl. 17:40

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)

Jósep Ó. Blöndal (sign)

Sigurborg Sturludóttir (sign)

Unnur Sigmarsdóttir (sign)